

27. apríl 2006

2. tbl.—árg. 3

Kerhraunsfréttir

Aðalfundur

Aðalfundur Félags sumarhúseigenda í Kerhrauni var haldinn þriðjudaginn 25. apríl í húsnæði Rafiðnaðarskólans. Fundinn sóttu rúmlega 30 lóðaeigendur í Kerhrauni.

Guðrún M. Njálisdóttir var endurkjörin formaður félagsins til eins árs. Úr stjórn gengu Þráinn Ingimundarson, Stefán Kristjánsson og Indíana Eybergisdóttir. Í þeirra stað voru kjörin í stjórn þau Þröstur Ottósson, Sigríður Hermannsdóttir og Sóley Þórmundsdóttir.

Guðrún flutti skýrslu stjórnar á fundinum. Þar kom fram að mestur tími frá síðasta aðalfundi fór í vatnsmálin. Hefur þeim nú verið landað á farsælan hátt og mun hreppurinn sjá um að leggja nýja vatnslögn á C-svæði Kerhraunsins og í framtíðinni sjá alfarið um kalda vatnið á svæðinu öllu. Í máli Guðrúnar kom einnig fram að á næsta ári mun mestur tími fara í að koma girðingamálum í góðan farveg. Til að mæta kostnaði við þær framkvæmdir var samþykkt einróma á fundinum að hækka framkvæmdagjald í 8.000 krónur en félagsgjaldið yrði óbreytt 1.000 krónur. Einnig var samþykkt einróma á fundinum að stjórnarmenn í félaginu fengju umbun sem svarar einu lóðaárgjaldi fyrir setu í stjórn. Félagið á í dag rúmar 200 þúsund krónur. Innheimta framkvæmdagjalda gekk undravel fyrir árið 2005 og aðeins einn aðili skuldar félaginu, Ásta Hávarðardóttir.

Nokkuð var rætt um vegamálin á fundinum. Ljóst er að framtíðar lagfæring á veginum verður ekki framkvæmd fyrr en byggingaframkvæmdum á svæðinu verður lokið. Mun stjórnin einbeita sér að því að fá verktakann á svæðinu til að laga veginn eftir sig eins og kostur er og á sinn kostnað.

Á fundinum komu fram spánýjar fréttir frá Orkuveitu Reykjavíkur varðandi heitt vatn í Kerhrauni. Orkuveitan er þessa dagana að bora eftir heitu vatni í Hraunborgum en skortur er á heitu vatni á Kerhraunssvæðinu. Boranir í Hraunborgum ganga illa og ef þær skila ekki árangri er ætlunin að snúa sér að Öndverðarnesi eða jafnvel Nesjavöllum. Orkuveitan aftækur að heitt vatn verði til staðar í Kerhrauni 2006 en telur nokkuð góðar líkur á að heitt vatn verði komið í Kerhraun 2007.

GPS mælingar



Stjórnin mun á næstunni leita samninga við Verkfræðistofu Suðurlands um að gera GPS mælingar á mörkum deiliskipulags Kerhraunsins vegna girðingarinnar og færslu á henni. Í framhaldi af því kom upp umræða á aðalfundinum að það væru allmargir lóðareigendur sem vildu í leiðinni láta mæla hjá sér. (á sinn kostnað).

Þeir sem ekki hafa þá þegar sent mér tölvupóst um þetta mál geri það á gudrunmn@simnet.is og ég mun svo verða í sambandi við þá aðila um verð og tíma.

Plöntukaup



Kæru Kerhraunarar

Á aðalfundinum var rætt um gróðursetningu í sameign og sameiginleg magninnkaup plantna.

Síðan þá hafa allmargir haft samband við mig og hafa áhuga á því að vera með í þessari framkvæmd ef viðunandi samningar takast. Ég hafði samband við umrædda blómakonu hana Margréti sem rædd var um á fundinum og hún á mjög lítið núna eða aðeins 70 birkihríslur sem eru um 1,5m á hæð en annað á hún ekki og er því ekki mjög áfjád í afslátt.

Nú kemur upp sú spurning hvort hægt væri að vekja upp Grænu nefndina sem sett var á fót á aðalfundinum 2005 og hún bretti upp ermar og slái í gegn þetta árið.

Þeir nefndarmenn sem kostnir voru eru beðnir að hafa samband við Guðrúnu.

gudrunmn@simnet.is

Mynd: Tekin í Kerhrauninu árið 2005. (á sléttunni)

? þekkir einhver konurnar á myndinni?